

10. gr.

Borgarstjórinn í Reykjavík er ábyrgur fyrir ávöxtun sjóðsins innan þeirra marka sem lög heimila hverju sinni. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir árlega og lagðir fram í borgarráði.

11. gr.

Þegar starfsemi sjóðsins hættir, skulu eignir hans, hafi þeim ekki verið ráðstafað, renna til Borgarspítalans í Reykjavík.

12. gr.

Ákvæðum í 2. gr. um tilgang sjóðsins og ákvæðum 11. gr. um lokameðferð fjár hans má aldrei breyta.

19. desember 1985

REGLUGERÐ

Nr. 474

**um breyting á reglugerð nr. 485/1984 um innheimtu bifreiðagjalda
o. fl. með síðari breytingum.**

1. gr.

a. og b. liðir 1. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Greiða skal árlega þungaskatt af bifreiðum sem hér segir:

- a. Af bifreiðum sem nota annan orkugjafa en bensín og eru minni en 4000 kg að leyfðri heildarþyngd, öðrum en þeim bifreiðum sem ekið er gegn gjaldi samkvæmt mælum:

Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur kr.	Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur kr.
Allt að 2000	46 016	3000—3199	61 814
2000—2199	48 649	3200—3399	64 447
2200—2399	51 282	3400—3599	67 080
2400—2599	53 915	3600—3799	69 713
2600—2799	56 548	3800—3999	72 346
2800—2999	59 181		

- b. Af bifreiðum sem nota annan orkugjafa en bensín, eru undir 4000 kg að leyfðri heildarþyngd og ekið er gegn gjaldi samkvæmt löggiltum mælum:

Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur kr.	Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur kr.
Allt að 2000	59 821	3000—3199	80 358
2000—2199	63 244	3200—3399	83 781
2200—2399	66 667	3400—3599	87 204
2400—2599	70 090	3600—3799	90 627
2600—2799	73 512	3800—3999	94 050
2800—2999	76 936		

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um fjáröflun til vegagerðar nr. 79/1974 með síðari breytingum, öðlast gildi hinn 1. janúar 1986.

Fjármálaráðuneytið 19. desember 1985.

F. h. r.
Höskuldur Jónsson.

Lárus Ögmundsson.